

## 1 Val milli 32 ára reglu eða 95 ára reglu

Tvær reglur gilda um réttindaávinnslu og lífeyristökualdur í B-deild LSR; 32 ára reglan og 95 ára reglan.

## 2 Upplýsingar um sjóðfélaga

Nafn \_\_\_\_\_ Kt. \_\_\_\_\_

Heimili \_\_\_\_\_

Pnr. \_\_\_\_\_ Staður \_\_\_\_\_

Netfang \_\_\_\_\_

Sími \_\_\_\_\_ Gsm \_\_\_\_\_

## 3 Val á reglu

### 32 ára reglan

Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður og frá sama tíma greiðir launagreiðandinn 12% af þeim launum sem iðgjöld reiknast af. Þeir sjóðfélagar, sem velja 32 ára regluna verða því iðgjaldafríir upp frá því, en ávinna sér 1% réttindi á ári, miðað við fullt starf, í stað 2% áður. Þeir sem velja 32 ára regluna geta í fyrsta lagi hafið töku lífeyris við 65 ára aldur. Eftir að lífeyristökualdri er náð og sjóðfélagi lætur ekki af störfum, ávinnast 2% réttindi á ári að nýju miðað við fullt starf.

### 95 ára reglan

Sjóðfélagi, sem velur þessa reglu, þarf að greiða iðgjald til sjóðsins þar til 95 ára markinu er náð, sem er samanlagður iðgjaldagreiðslutími og lífaldur. Eftir að 95 ára markinu er náð falla iðgjaldagreiðslur sjóðfélagans niður, en starfsmaður bætir við sig 2% lífeyrisrétti fyrir hvert ár í fullu starfi, en þó ekki meiri en 64% við 95 ára markið. 95 ára reglan gerir sjóðfélögum kleift að hefja töku lífeyris fyrir 65 ára aldur. Þeir sem ná þessu marki áður en 64 ára aldri er náð geta hafið töku lífeyris samkvæmt þessari reglu en þó aldrei fyrr en þeir hafa náð 60 ára aldri. Þeir sem ná 95 ára reglunni fyrr verða að halda áfram í starfi sem veitir þeim aðild að B-deild LSR þar til 60 ára aldri er náð og/eða fram að þeim tíma er þeir hefja töku lífeyris. Hámarksréttindi við 95 ára markið eru 64%.

Ég staðfesti með undirskrift minni að ég hef kynnt mér muninn á 32 ára reglu og 95 ára reglu og valið milli þeirra með því að krossa í viðeigandi reit hér fyrir neðan.

32 ára reglan

95 ára reglan

## 4 Bankaupplýsingar

Ef reglu hefur þegar verið náð ber að endurgreiða iðgjöld. Almennt annast launagreiðandi endurgreiðslu vegna yfirstandandi árs en í þeim tilvikum sem leiðrétting nær yfir eldra tímabil endurgreiðir lífeyrissjóðurinn ofgreidd iðgjöld. Því er nauðsynlegt að skrá niður bankaupplýsingar:

Bankanr. \_\_\_\_\_ Höfuðbók \_\_\_\_\_ Reikningur númer \_\_\_\_\_

\_\_\_\_\_   
Dagsetning

\_\_\_\_\_   
Undirskrift sjóðfélaga

Vinsamlega athugið að þetta er eingöngu val á reglu, ekki umsókn um lífeyri.